



Launaþróun á Íslandi hefur töluverða sérstöðu miðað við nálægar þjóðir

Í júlí 2021 hafði launavísitalan hækkað um 7,8% yfir 12 mánaða tímabil. Þetta er mikil hækkun, t.d. miðað við að hagkerfið hefur verið í miklum öldudal. Umræða um launamál hér á landi byggir mikið á launavísitölunni, en hún er tiltölulega þröngt hugtak. Launavísitalan mælir þannig breytingu á launum fyrir ákveðna tímaeiningu fyrir sama hóp á tveimur tímabilum. Þættir eins og vinnutími, samsetning vinnuafis o.s.frv. eru því ekki mældir með launavísitölu.

OECD gefur út tölur um meðallaun allra fullvinnandi á vinnumarkaði¹ sem eru betri vísbending um tekjuþróun en launavísitalan og eiga að vera nokkuð sambærilegar á milli landa.

Sé litið á tímabilið frá 2000 til 2020 má t.d. sjá að meðallaun á Íslandi hafa hækkað um 204% í íslenskum krónum. Þetta er mun meiri hækkun en í nálægum löndum, en næsta ríki í röðinni er Noregur með 114% hækkun í norskum krónum. Meðalhækkun hinna Norðurlandanna er 81% á móti 204% hjá okkur. Meðallaun á Íslandi hafa þannig að meðaltali hækkað um 5,8% á ári á þessum 20 árum á meðan þau hafa hækkað að meðaltali um 3% á ári á hinum Norðurlöndunum.

Sveiflur meiri hér


Sé litið á mestu og minnstu árlegar breytingar kemur í ljós að Ísland skorar hæst í báðum tilvikum. Tekjur hækkuðu um 12,9% hér á landi á árinu 2006 og lækkuðu um 15,4% á árinu 2009. Írland kemur næst okkur hvað mestu árshækkun varðar, en engin þjóð nálgast okkur með mestu árs-lækkun.

Mæling í dollurum breytir miklu

Sé samanburðurinn gerður í sömu mynt, sem er Bandaríkjadóllarar hjá OECD, verður myndin töluvert önnur.


Eins og við vitum eru sveiflur í gengi meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar og því breytir

Hækkun meðallauna 2000-2020 í heimagjaldmiðli




Heimild: OECD, Hagfræðideild Landsbankans

Meðalbreyting meðallauna í heimagjaldmiðli á ári - 2000-2020



Heimild: OECD, Hagfræðideild Landsbankans

Hæsta og lægsta hækkun meðallauna á ári 2000-2020



Heimild: OECD, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Nánar tiltekið eru meðallaun fullvinnandi fundin með því að deila meðalfjölda fólks á vinnumarkaði upp í heildarlaun samkvæmt þjóðhagsreikningum og síðan er allt launafólk reiknað upp sem fullvinnandi miðað við vinnutíma.



umreikningur í dollara miklu. Meðalbreyting á ári í dollurum á þessu tímabili var einungis 1,3% og erum við í fjórða sæti þar meðal þjóða sem þessi sambanburður nær til. Launabreytingar voru þannig meiri í bæði Noregi og Svíþjóð en hér á þessu tímabili reiknað í dollurum.

Ísland er alls ekki láglaunaland

Á árinu 2020 voru ársmeðallaun hér á landi um 67.500 dollarar og voru þau 16% hærri en í Danmörku þar sem launin voru næst hæst á Norðurlöndunum. Af þeim löndum sem hér eru skoðuð voru launin einungis hærri í Bandaríkjunum og Lúxemborg, en þessi tvö lönd og Ísland eru í nokkrum sérflokki. Staðan var mjög svipuð á árinu 2000. Þá var Ísland í þriðja sæti af þessum þjóðum og með 16% hærri laun en í Danmörku sem var næst hæst Norðurlandanna. Meðallaun í Svíþjóð og Finnlandi eru svo aftur nokkuð lægri en í Danmörku og Noregi.


Meiri sveiflur hér en annars staðar

Sveiflur í tekjum eru mun meiri hér á landi en annars staðar sé mælt á föstu verðlagi og í sama gjaldmiðli. Á milli 2000 og 2020 hækkuðu meðallaun á hinum Norðurlöndunum að meðaltali um 31% á meðan þau hækkuðu um 25% á Íslandi. Leiðin á milli þessara tveggja tímamunkta var hins vegar mjög mismunandi. Þróun meðallauna á hinum Norðurlöndunum var stöðug upp á við allan tímann en hér var þróunin mun óreglulegri með miklum hækkunum og lækkunum. Þannig fóru meðallaunin niður um 7,5% frá upphafsstöðu á árinu 2009 og upp í 135% á árinu 2018, en hafa lækkað síðan.


Lítið og óstöðugt hagkerfi

Það eru ekki ný tíðindi að íslenska hagkerfið sé óstöðugt og búi við miklar sveiflur. Það á líka við um vinnumarkaðinn. Eins og sjá má hafa launahækkarnir verið mun meiri hér á landi en annars staðar. Hér hefur ekki verið skoðað hvort mismunandi þróun vinnutíma hafi áhrif á samanburð, en þau áhrif eru væntanlega ekki mikil. Þrátt fyrir þessar miklu launabreytingar í heimagjaldmiðli týnast þær að verulegu leyti ef samanburður er gerður við aðrar þjóðir með sama gjaldmiðli. Síðan er spurningin um það hvort launabreytingar hér séu orsök eða afleiðing í þessu sambandi. Um það eru eflaust skiptar skoðanir.


Meðalbreyting meðallauna í dollurum á ári - 2000-2020




Árleg meðallaun í dollurum á föstu verðlagi 2020, kaupmáttarleiðrétt



Þróun meðallauna á ári á föstu verðlagi mælt í dollurum



Þróun meðallauna á ári á föstu verðlagi mælt í dollurum





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.